

II.

“Einhvers staðar sver hann sig í ættina.”

Til fjallanna reið eg með ökumagns eimi,
Sem ofmælið kveður in prúðustu í heimi,
En óyndis-svefn yfir samdveljum lá —
Í rúminu andspænis brúðgumi og brúður
Mér bjuggu þar hjá.

Og þeim gat enn vel-lynt ein vökunótt saman —
Þú vítir mig kannske um þarfleysu gaman
Ef nýgiftra hjónaspor höguðu ei þér.
En, vinur, þú dæmir það vægara bráðum
Og veizt hvað eg fer.

En jafnskjótt og fjallsbrún í lyfting sér laumar
Í ljósmálsins hilling, sem framtíðar draumar,
Hann reis upp við gluggann og starandi stóð,
Með fránum augum og fögnuð á vörum
Sem flytti hann ljóð :

“Þó sérhver minn eyrir og fjárhlutur færi
Í ferð þessa eyddur, það margborgað væri
Og ei til að sakna, að sjá þessa dýrð!”
En mygluðu svefnauga horfði að honum
Hver hengibrún ýrð.

Eg nafni hans gleymdi. En erlendis alinn
Hann íslenzkur var þó. En fjallið og dalinn
Í ættjarðar vordýrð hann aldrei sá,
Í bliklita vitrun frá himni, á hlaupum
Að hug-dýpis blá.

En barninu þorpsins og búanda á völlum
Svo brá við þá heimkvöð frá íslenzkum fjöllum,
En vissi ei hvaðan. En hvort myndi hann
Ei göfga þá tungu, þá sögu, þá söngva
Er sólbraut þar rann?